

**Ed.**

**402. Nefndarálit**

[189. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 40 18. maí 1978, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7 22. febr. 1980 og lög nr. 20 7. maí 1980, um breyting á þeim lögum.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur rætt málið og leggur meiri hluti nefndarinnar til að frv. verði samþykkt með breytingartillögum sem meiri hluti nefndarinnar flytur á sérstöku þingskjali.

Til skýringar á breytingartillögum skal sett fram eftirfarandi lýsing á því, hvernig skattakerfið yrði að því er vaxtafrádrátt einstaklinga varðar eftir samþykkt tillagna meiri hluta nefndarinnar.

Að því er vaxtafrádrátt einstaklinga utan atvinnurekstrar varðar er haldið fast við þá meginreglu, að einungis vaxtagjöld vegna skulda, sem til er stofnað vegna öflunar íbúðarhúsnæðis til eigin nota, eru frádráttarbær. Hins vegar er lagt til að allveruleg rýmkuð verði gerð á skilyrðum fyrir frádráttarbærni slíkra vaxtagjalda. Ef breytingartillögur meiri hluta nefndarinnar ná fram að ganga felast í frumvarpinu eftirtaldar breytingar frá ákvæðum gildandi laga að þessu leyti:

1. Hámark vaxtafrádráttar fyrir einhleypinga er hækkað úr 1 500 000 gkr. í 2 500 000 gkr. Miðað við skattvísitölu 145 felst í þessu að hámark frádráttarbærni verður á gjaldárinu 1981 3 625 000 gkr. fyrir einhleypinga, en 7 250 000 gkr. fyrir hjón.
2. Verulegar endurbætur á íbúðarhúsnæði eru að því er vaxtafrádráttinn varðar lagðar að jöfnu við íbúðarkaup. eru mörkin sett við að endurbæturnar nemi 7% eða meiru af fasteignamatí íbúðarinnar í árslok.
3. Skilgreiningin á þeim lánum, sem eru frádráttarbær án tillits til þess, hversu langt er liðið frá öflun íbúðarhúsnæðis, er rýmkuð á tvennan hátt þannig:
  - a) Að undir þennan flokk lána falla nú öll fasteignaveðlán til tveggja ára eða lengri tíma, en í lögnum er krafist a. m. k. þriggja ára lánstíma, og

- b) að á gjaldárinu 1981 séu lán til tveggja ára eða lengri tíma til öflunar íbúðarhúsnæðis, sem tryggð eru með sjálfskuldarábyrgð þriðja manns, lögð að jöfnu við fasteignaveðtryggð lán. Eftir þessar breytingar ætti mikið af vaxtaukalánum þeim, sem veitt hafa verið að undanfögnu, að falla innan skilgreiningarinnar.
4. Þau tímamörk frá kaupári eða upphafsári byggingar, sem lausaskuldir eru frádráttarbærar, eru rýmkuð allverulega. Er frádráttarbærni lausaskulda tengdra íbúðarkaupum lengd úr tveimur árum í þrjú ár, en frádráttarbærni lausaskulda tengdra íbúðarbyggingum lengd úr fjórum árum í sex talið frá og með því ári sem bygging er hafin á.

Auk framangreindra atriða tekur Kjartan Jóhannsson eftirfarandi fram:

Með þeim breytingum, sem hér er gerð tillaga um, er komið til móts við húsbbyggjendur og íbúðarkaupendur og þar með þau sjónarmið, sem Alþýðuflokkurinn hefur sérstaklega beitt sér fyrir.

Í þessu sambandi má minna á að vaxtafrádráttur af því tagi, sem hér er leyfður, er frávik frá grundvallarreglum þessara skattalaga. Ótakmarkaðar heimildir til vaxtafrádráttar bjóða upp á misnotkun af hálfu atvinnurekenda, sem flutt gætu lán vegna rekstrar yfir á einkaframtal. Á hinn bóginn er ljóst að svo mjög er þjarmað að húsbbyggjendum og íbúðarkaupendum við gildandi lána- og vaxtastefnu ríkisstjórnarinnar, að brýna nauðsyn ber til þess að koma til móts við þá með allrúmum undantekningarákvæðum, sem heimila vaxtafrádrátt vegna öflunar íbúðarhúsnæðis til eigin nota. Einmitt það er megininntak þeirra breytinga, sem hér eru gerðar tillögur um, og kemur rýmkun ákvæðanna í veigamiklum atriðum til móts við sjónarmið Alþýðuflokksins í þessum efnunum, sem hann hefur kynnt sérstaklega í nefndinni.

Þótt hér sé um viðkvæmt og vandasamt mál að ræða, verður að teljast rétt að stíga þetta skref, enda verður að gera ráð fyrir að Alþingi sé reiðubúið að skoða þessi mál nánar, þegar reynsla hefur fengist á framkvæmd þeirra, og þá með afturvirkni í huga ef sérstakt óréttlæti skyldi koma í ljós.

Alþingi, 9. febr. 1981.

Ólafur Ragnar Grímsson,  
form., frsm.

Kjartan Jóhannsson,  
fundaskr.  
Guðm. Bjarnason.

Davíð Aðalsteinsson.